

**Mál nr. 233/2016**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar A.**

**Ágreiningur um ábyrgð á tjóni vegna hjólastillingar bifreiðar.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 26. júlí 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 27. júlí 2016 ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M kveðst hafa farið með bifreið sína föstudaginn 15. júlí 2016 á verkstæði A í Fellsmúla til að láta hjólastilla bifreiðina. Telur M að ungir ómenntaðir drengir hafi verið látnir hjólastilla bifreiðina. Stillibolti mun hafa slitnað og yfirverkstjórinn stöðvað verkið. Kveður M að boltinn hafa verið rafsúðaður fastur og svo ekki gert neitt meira. Mánudaginn 18. júlí 2016 kveðst hann hafa farið á verkstæði A á Ártúnshöfða til að leita ráða en þar sé M einnig vísað frá. Kveðst M þá hafa farið með bifreiðina á annað verkstæði til að gera við hana. M telur að A eigi m.a. að greiða reikninginn vegna vegna viðgerðarinnar.

V telur ósannað að starfsmenn A hafi viðhaft óforsvaranlegt verklag við vinnslu verksins, þ.e. að hjólastilla bifreið M.

**Álit.**

Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður m.a. að færa sönnur á saknæma og ólögmæta háttsemi tjónvalds. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem færa sönnur á að A hafi viðhaft saknæma og ólögmæta háttsemi, sem leiða á til skaðabótaábyrgðar A gagnvart M. Verður því að telja skaðabótaábyrgð A ósönnuð.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.